

Fréttabréf 5

8. febrúar 2010

5. tbl. skólaárið 2009—2010

Ágætu foreldrar og forráðamenn
nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Þá er komið að fyrsta fréttabréfinu á því herrans ári 2010. Skv. venju verður efni bréfsins byggt á því sem framundan er hjá okkur þótt einnig verði litið um öxl.

1. Skólamálin

EKKI hefur farið fram hjá neinum undanfarna mánuði að sveitarfélagið okkar þarf að draga saman seglin á mörgum vígstöðvum og ekki hvað síst í fræðslumálum enda fer meiri hluti skatttekna sveitarfélagsins til þess málaflokks. Nú liggur fyrir, í kjölfar mikillar vinnu og útreikninga, að ákveðið hefur verið að hækka hámarksfjölda nemenda í bekk þannig að héra verða 16 bekkjardeildir á næsta skólaári. Því fækkar úthlutuðum kennslustundum milli ára töluvert, bæði vegna breyttra reglna og fækkunar nemenda. Er því fyrirséð að skólinn verður að fækka starfsfólki nokkuð frá því sem nú er. Bæði kemur kennarastöðum til með að fækka og síðan verður dregið úr tíma til stjórnunar. Verður allt gert til þess að gera þennan niðurskurð sem bærilegastan fyrir meginþorra nemenda en ljóst er þó að draga verður úr stuðningi að einhverju marki. Skýrist það fyrir vorið hvernig starfi verður háttað á næsta skólaári.

2. Annaskil

Miðönn lýkur með foreldraviðtölum fimmtudaginn 18. febrúar. Daginn áður, öskudag, verður einnig frí hjá nemendum en starfsfólk skólans notar þann dag til undirbúnings viðtala og annars er að gagni má koma á vorönn. Fá foreldrar sendar upplýsingar um tíma viðtala núna í vikunni.

3. Námsmatið

Þriðjudaginn 9. febrúar stendur skólinn fyrir kynningu í Óðali á breyttum áherslum á frammistöðumati skólans (líkt og var 7. október). Í foreldraviðtölum við lok fyrstu annar kom fram að margir foreldrar voru óöruggir með þetta mat og óskuðu eftir betri kynningu á því. Fundur hefst kl. 18:12 og stendur til kl. 18:52.

4. Leiksýning í boði OR

Orkuveita Reykjavíkur býður nemendum 4. og 5. bekkjar skólans á leiksýningu í Borgarleikhúsinu þriðjudaginn 17. febrúar, ásamt jafnöldrum annarra skóla hér í Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Akranesi. Greiðir Orkuveitan einnig ferðakostnað. Eru Orkuveitunni færðar bestu þakkir fyrir framtakið.

5. Ljósmyndun

Bjarni Jónsson ljósmyndari var hérna í síðustu viku og tók bekkjarmyndir af 1., 4., 7. og 10. bekk. Eins voru teknar einstaklingsmyndir af þeim sem vildu. Er ætlunin að framvegis verði myndataka í boði fyrir þessa árganga en eins og þið munið kannski þá voru allir bekkir skólans myndaðir á síðasta ári. Bekkjarmyndir eins og þessar eru dýrmætar fyrir nemendur, sérstaklega er frá líður.

6. „Horft til himins“

Þessa dagana eru náttúrufræði dagar hjá samstarfsskólunum sem standa að Borgarfjarðabrunni, grunnskólunum í Borgarbyggð og Menntaskóla Borgarfjarðar. Þemað í ár er stjörnuhiminninn. Fimm bekkir skólans fara og skoða stjörnuver í sal menntaskólans, sjá nánar <http://natturumyndir.com/>. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að horfa til himins þessa daga og skoða stjörnuhiminninn.

7. Gjöf til skólans

Vífill Karlsson, foreldri nemenda í skólanum kom færandi hendi á föstudaginn var . Hann gaf skólanum stjörnu kíkir sem á eftir að nýtast skólanum vel við kennslu í stjörnufræði. Honum eru hér með færðar þakkir fyrir þessa góðu gjöf.

8. Skíðaferð

Fyrirhugað er að nemendur 8. bekkja fari í skíðaferð í byrjun mars. Farið verður á Sauðárkrók á fimmtudegi og komið til baka síðla dags á föstudag. Er ferðin skipulögð af foreldrum og verða nánari upplýsingar sendar heim er nær dregur.

9. Skólabúðir

Nemendur 9. bekkjar fara í skólabúðir að Laugum 1.-5. mars n.k. Verður farið að morgni mánudags og komið til baka eftir hádegi á föstudag. Nemendur hafa alltaf, þessi ár sem við höfum sent nemendur að Laugum, notið dvalarinnar og haft af henni mikið gagn. Forráðamenn fá sendar upplýsingar um búðirnar vel fyrir mánaðarmót.

10. Upplestrarkeppnin

Hin árlega upplestrarkeppni verður haldin í Laugargerðisskóla 16. mars. Þangað fara tveir nemendur úr 7. bekk og til þess að velja þá verður undankeppni fyrir nemendur úr 7. bekk hérna í Óðali 25. febrúar.

En ekki fleira að sinni – bestu kveðjur

Kristján Gíslason skólastjóri